

1863.

18. septbrm.

sem þær hafid tilgreint og með tilliti til þess, sem dómsmála-
stjórninni á annan hátt er kunnugt orðið um skort þann, sem
er á læknishjálpi í hinu nýrðra læknishæraði vesturumdæmisins,
felur stjórnarráðið yður hérmeð á hendur að setja tæðan Þorvald
Jónsson fyrir hæraðslækni í læknishæraði þessu, jafnskjótt og
hann hefir lokið prófinu í læknisfræði, með þeim kjörum, að
hann frá þeim degi, er hann tekur við embættinu, fái
full embættislaun, ásamt launaviðbót þeirri, sem ákveðin er í
lögum 19. janúarmán. þ. á., og launaviðbót eptir kornverði,
svo og húsaleigustyrk þann, er embættinu fylgir.

Því skal enn við bætt, að dómsmálastjórnin hefir í dag
skýrt amtmanninum í Vesturumdæminu frá þessu, en stjórn-
arráðið vonast eptir að fá frá yður skýrslu um, hvað gjört
verður í þessu efni.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 18. septbrm. yfir Íslandi, um fjárkláðamálið á alþingi.

Í 43. blaði „Þjóðólfs“, er út kom í Reykjavík 25. f. m.
og dómsmálastjórninni hefir borizt í hendur, segir, að alþingi
Íslendinga hafi á fundi þess, sem nýlega er afstaðinn, til svars
upp á nokkrar bænarsskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu, gefið
út prentað umburðarbréf til íbúanna í sveitunum, þar sem
fjárkláðinn er; hefir stjórnarráðinu undir hendinni verið sent eitt
af bréfum þessum, og skýrir alþingi þar frá, að það hafi í
öllum aðalatriðunum fallizt á frumvarp það, er stjórnin lagði
fyrir þingið, um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjár-
kláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og laut að
því, að útrýma skyldi fjárkláðanum einungis með lækningum,
og lætur jafnframt í ljósi þá von sína, að takast muni með
lagaböði þessu að útrýma algjörlega sýki þeirri, sem hér er
um rætt; en þrátt fyrir þetta skorar þingið innilega á íbúana
í sveitum þeim, sem hlut eiga að máli, að íhuga vandlega,
hvort ekki mundi vera hagfelldara og kostnaðarminna að gjöra
samkomulag um að skera niður allt fê í þessum sveitum nú í

1863.
18. septbrm.

haust, heldur en að bíða eftir því, að beitt verði hinu fyrirhugaða lagaboði, og fullyrðir um leið, að nokkrir af alþingismönnum hafi heitið því, að bændur í sjúku og grunuðu h eruð-unum skyldu úr þeirra kjördæmum fá fyrir sanngjarnt verð eins margt fê og þeir þyrftu, jafnskjótt og þeir förguðu öllu fê sínu í tækan tíma með niðurskurði.

En það er auðsætt, að slík aðferð frá þingsins hálfu lægi fyrir utan stöðu þess og verkahring, og hlaut hún því fremur að vekja furðu, sem hún yrði beinlínis að koma í bága við það, að alþingi aðhylltist í öllu verulegu fyrgreint lagafrumvarp stjórnarinnar, sem fer í gagnstæða átt við það, sem þingið kvað hafa ráðið mönnum til í umburðarbréfi því, sem „Þjóðólfur“ segir, að út hafi komið frá þinginu; og þareð það eftir stjórnarráðsins álitu bersýnilega mundi hafa hinar skaðlegustu afleiðingar fyrir sveitir þær, sem hlut eiga að máli, ef svo væri að farið, sem hér er um rætt, og skorið að nauðsynjalausu niður allt sauðfê í Kjósar- og Gullbringusýslu og nokkrum hluta Borgarfjarðar sýslu, er íbúar héraða þessara mundu með því móti verða fyrir þeim hnekki á aðalatvinnuvegi þeirra, að þeir mundu eigi um langan tíma bíða þess bætur, þá hefir dómsmálastjórnin álituð skyldu sína að ráða mjög fastlega frá þessu skaðvænlega og óþarfa tiltæki.

Ef svo er, að slíkt umburðarbréf, sem nú var greint, sê út gengið frá alþingi, eruð þær, herra stiptamtmaður, beðnir, að segja hlutadeigandi embættismönnum fyrir svo sem þörf er á, samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, svo og að birta almenningi efni bréfs þessa.

30. septbrm. **79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra sýslumanna á Íslandi og til bæjarfógetanna í Reykjavík og á Akureyri, um verzlunarskýrslur.**

Það er í ýmsu tilliti áriðandi, að til sêu nákvæmar og áreiðanlegar skýrslur um verzlunina á Íslandi, en verzlunarskýrslum þeim, sem að undanförmu hafa tilbúnar verið sam-